

Frá: Jóhannes Svavar Rúnarsson <johannesru@straeto.is>
Sent: þriðjudagur, 2. mars 2021 09:19
Afrit: Jóhannes Svavar Rúnarsson <johannesru@straeto.is>
Efni: Beiðni um yfirdráttarheimild

Sæl

Í samræmi við niðurstöðu eigendafundar þann 1. febrúar 2021 þar sem eigendavettvagnur Strætó samþykkir að lagt sé fyrir aðildarsveitarfélög beiðni Strætó um heimild til að sækja um yfirdráttarheimild að fjárhæð 300.000.000 kr. hjá viðskiptabanka Strætó, Arionbanka. Þetta er til að tryggja í öryggisskyni að nægt fjármagn sé til að tryggja fjárstreymi Strætó út árið 2021.

Hjálagt fylgir með fjármálagreining KPMG þar sem lýst er stöðu Strætó og áhættu fóligna í því að ekki sé gripið til ráðstafana varðandi fjárstreymi Strætó. Fjármálagreiningin tekjur á áhættugreiningu sem Strætó ber að framkvæma þegar óskað er eftir slíkum lánveitingu sbr. eigendastefnu Strætó.

Óskað er eftir að eigendur heimili Strætó að sækja um þessa yfirdráttarheimild og afli til þessa tilskyldra heimildar hjá aðildarsveitarfélögum.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa skeytis.

Skeytið er sent til allra borgar- og bæjarstjóra á höfuborgarsvæðinu.

Með kveðju,

Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri Strætó bs.
Sími: 6601488
Netfang:johannesru@straeto.is